

Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Fundur 5. haldinn á Teams

11. maí 2021

Mættir:

Helga Ingólfssdóttir, formaður

Anna Karen Svövdóttir

Jón Atla Magnússon

Stefán Már Gunnlaugsson

Sigurður Pétur Sigmundsson

Frá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Stefánsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Forföll:

Gestir:

Fulltrúi ferða- og öryggisnefndar LH

Fundarefni:

Í samræmi við ákvörðun fyrsta fundar þar sem ákveðið var að hafa á fyrstu stigum í vinnu starfshóps samráð við hagsmunahópa á svæðinu var fulltrúa frá ferða- og öryggisnefndar Landsambands hestamanna boðaður til fundarins.

Fulltrúi frá LH Eggert Hjartarson

Eggert fór yfir heiti á vegum sem eru í samnýtingu með öðrum og lagði til heitið vistvegir. Mikilvægt að skilgreina nærsvæði hestamanna útfrá athafnasvæði Sörla og ósk um að skógar hringur umhverfis Gráhelluhraun verði skilgreindur sem nærsvæði eða helgunarsvæði. Mikilvægt að setja lýsingu á skógarhring. Fjölga þarf áningarstöðum/áningarhólum þar sem það kemur í veg fyrir rask á landi. Mikilvægt að skilgreina betur áningarstað við Kjóadal þar sem bílar leggja oft í þann áningarstað.

Stórhöfði vinsæll og þar væri gott að aðgreina hópa með tveimur stígum eins og til dæmis við Rauðavatn.

Eggert mælir ekki með umferð hjólandi á nærsvæði hestamanna.

Jón Ingi ræddi hugmyndir að aðgreindri umferð að og frá Gráhelluhrauni

Eggert sagði frá bæklingi frá Vegagerðinni um uppbyggingu og gerð reiðvega.



Mikilvægt er einnig að gera skýrari merkingar sem tilgreina hlutverk vega og stíga betur þar sem miðað er við samnýtingu hestamanna og annara hópa. Eins er mikilvægt að skoða hvort hægt er að samræma merkingar í upplandinu með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Berglind Guðmundsdóttir fór yfir nýtt deiliskipulag um umhverfi Hvaleyrarvatns og voru umræður um skipulagið. Hl lagði til að göngustígur kringum vatnið yrði skilgreindur sem algild hönnum til þess að tryggja aðgengi fyrir fatlaða og var vel tekið í þá hugmynd.

Starfshópurinn stefnir að því að hittast eftir tvær vikur á staðfundi og fara yfir drög að fyrstu tillögum starfshópsins.

Næsti fundur e 2 vikur kl 8:05-10:00

Ritað/ Helga Ingólfssdóttir.